

Lög

um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki (skattfrádráttur vegna hlutabréfakaupa, skattfrádráttur nýsköpunarfyrirtækja).

I. KAFLI

Breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna:

- Í stað orðanna „og 2019“ og „og 2018“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: 2019, 2020, 2021 og 2022; og: 2018, 2019, 2020 og 2021.
- Orðin „og þremur árum eftir“ í 6. tölul. 2. mgr. falla brott.
- B-liður 6. tölul. 2. mgr. fellur brott.
- Orðin „og árlega eftir það“ í 1. másl. 12. tölul. 3. mgr. falla brott.
2. másl. 5. mgr. fellur brott.

II. KAFLI

Breyting á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009, með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 10. gr. laganna:

- Í stað „300.000.000 kr.“ í 2. másl. kemur: 600.000.000 kr.
- Í stað „450.000.000 kr.“ í 3. másl. kemur: 900.000.000 kr.

3. gr.

2. mgr. 17. gr. laganna fellur brott.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2019 og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda 2020 vegna fjárfestinga á árinu 2019.

Samþykkt á Alþingi 11. desember 2018.